

BÖRNIN



1, 12.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Nóv. 1906.

VETUR.

Nú er hann þá kominn aftur, karlinn hann Vetur, og er í gráu úlpunni sinni og hélaður um vitin að vanda. Í hann er með engan ólundar-svip, heldur hýr og kátur eins og krakki.

Gáskafenginn getur hann líka verið eins og krakki. Tekst hann þá í loft upp og hrístir sig allan. Þá þykir ykkur gaman að gamla manninum, þegar hann hrístir af sér í allar áttir fann-hvitu fjaðirnar. Og þegar fjaðra-fokið verdur svo mikil, að loftið eins og fyllist og ekkert sést nema það hátt og lágt, — þá er ykkur skemt. — Fullorðna fólkis segir, að úti sé þá skæða-drífa eða lappa-drífa.

Og út hlaupið þið í fangið á gráa karlinum. Og eruð ekki vitund hrædd, þó hann hrísti sig. Enda fagnar hænn ykkur. Dreifir á ykkur hvitu rósunum sínum. Setur rós við rós um ykkur allsstaðar—í hárið og á hökuna og á kinnarnar—jafnvel á nefið — og kyssir ykkur stóran koss, gamli maðurinn. Og þið breiðið hendurnar fagnandi út á móti öllum gjöfunum hans.

Svo breiðir hann hvita línið sitt á jörðina fyrir fætur ykkar, eins og stundum er gert fyrir brúðhjón, þegar þau eru að fara í kirkju og mikil er haft við. Hann vill, að það sé hreint þar sem þið gangið. Ekki neitt ljótt á að vera á vegi ykkar. Hann breiðir yfir það. Hann vill, að hið fagra að eins setji merki sín í sálir ykkar; því þær eiga að vera hreinar og 'elska' að eins

alt hið hreina, alt það, sem er eins hreint og drifhvita líníð hans Vetrar, er hann breiðir það fyrst á jörðina.

En svo vill hann líka að sé mjúkt undir fæti, þegar þið hoppið og leikið ykkur. Líka á að vera mjúkt undir ykkur, þegar þið veltið ykkur eða steypið ykkur kollhnís, eins og stundum kemur fyrir að þið gerið, þegar ærslin eru í ykkur og þið þurfið að velta þeim úr ykkur.

En svo býður hann ykkur líka að renna ykkur eða aka á sleða á hvítu ábreiðunni sinni. Það er ekki ónýtt. Enda lyftist á ykkur brúnin, þegar hann kallar til ykkar og býður ykkur út í dansinn þann með sér. Og gaman er þá að horfa á ykkur, þegar þið þeytist á stað í veðrinu leikandi um vangana og með fónnina fjúkandi um ykkur.

Þá eru pollarnir og lækirnir og díkin og tjarnirnar og árnar. Yfir þetta alt leggur Vetur glæru, hálu brýrnar sínar. Þar haslar*) hann ykkur leikvöll. Hann veit, að þið eruð mikit a ferðinni og þurfið að hafa nægilega rúmt um ykkur.. Enda fáist þið til þess að fara út á leikvöllinn. Það þarf ekki að dextra ykkur. En munð eitt: að lofa brúnum að verða nógu sterkar áður en þið farið út á þær. Þær geta svikið ykkur, ef herra Frost, sem er brúa-meistari hjá Vetri, fær ekki nægan tíma til þess að gera smíðið sitt traust. Þið megið því ekki vera of bráðlát. Það kemur sér stundum illa. Margt barnið hefur orðið að súpa af því.

Stundum glettist Vetur til við ykkur. Tekur þá í nefið á ykkur og klípur í eyrun. Getur þá verið, að þið skælið ykkur. Viljið ekki hafa neitt með þau atlot hans. En hann er að herða ykkur. Hann vill ekki, að neitt ykkar verði væskill. Þið vitið, hvað væskill er. Ef ekki, þá spryjið hann pabba ykkar. — Vetur þykir vænt um herslu-hnokka, sem fara ekki að væla, þó ögn sé komið við þá, eða þó heir lendi í snjókasti og snjóköglar lendi framan í þá. Þeir kæra sig ekki um það, herslu-hnokkarnir. Og Vetur gamli skelli-hlær, þegar heir kinka kolli framan í hann og halda áfram snjókastinu, eins og ekkert hefði í skorist.

Nú, það kemur fyrir, að Vetur grettir sig og lætur illa og rekur ykkur inn. Og þá er ekki við lambið að leika sér. Það er best að hlýða honum þá undir eins og forða sér. Hann vill láta hlýða sér. Honum er ekkert um ódæl og óhlýðin börn, sem eingöngu vilja fara sínu fram. Þau hafailt af því að vera ódæl. Þau, sem hlýða, finna, að það er best—það er best að fara inn, þegar Vetur skipar.

*) Býr til.

Hann vill líka láta ykkur finna til þess, að þið hafið annað að gera en að leika ykkur úti. Þið hafið verk að vinna inni. Þið eigið að *læra*. Þið þurfið þess, ef þið eigið að verða duglegir karlmenn og duglegar konur. Þið eigið að ganga í skóla og læra lexiurnar ykkar. *Læra þær vel*. Ekki vera löt við að læra. Leggja hart á ykkur með að læra og hugsa um það, sem þið lærið, svo það verði að holdi og blóði og merg í ykkur. Annars hafið þið ekkert gagn af því, sem þið lærið. Fyrir það, sem þið lærið, þurfið þið að verða meiri menn og betri. Vetur ljálpár náttúrunni til þess að safna kröftum. Hann á líka að ljálpá ykkur til þess að safna kröftum, svo þið verðið meiri og betri. *Gud vill það —* hann, sem gefur veturnar, sumar, vor og haust.

—o—

NÜLLIN OG TALAN EINN.

(Þýtt.)

Ungur maður, sem fyrir skömmu hafði trúlofast, vildi sjálfur flytja öldruðum vini sínum gleðitíðindin. Vinur hans bessi var kennari og alvarlega kristinn maður. Líka var hann maður fámálugur. „Ungi vinur minn!“—segir hann, þegar hann heyrir tíðindin—„mér þykir mjög vænt um þessa frétt, því eg vona, að unnusta þín hafi þá kosti til að bera, sem geri sambúð ykkar farsæla.“

„Enginn minsti vafi á því! Hún er af bestu ættum“—svaraði ungi maðurinn með ákefð.

Gamli kennarinn stendur þegjandi á fætur, fer að töflu, sem hékk á veggnum í lestrarstofunni hans, tekur kritarmola og skrifar *eitt núll á töfluna þarna* fyrir augunum á nýtrúlofaða manninum, sem verður forviða.

„Hún er rík“—flýtir hann sér að segja.

Kennarinn bætir þegjandi við *öðru nülli*.

„Hún er fríð!“—„Eftir því ooo.“

„Hún er ein erfingi að miklum auð!“ — „Eftir því oooo.“

„Hún er greind!“ — „Eftir því ooooo.“

„Viðmótt hennar er töfrandi!“ — „Eftir því ooooooo.“

„Æ! eg gleymdi að segja þér, að hún er góð og guðhrædd stúlka.“

„Því sagðirðu mér það ekki undir eins?“—segir nú gamli maðurinn, og kemur annar svipur á hann. Hress í huga skrifar hann nú töluna í fallega fyrir framan núllin sex—1000000—um leið og hann segir: „Án guðhræðslu hefðu allir kostirnir, sem þú taldir upp, ekki getað orðið þér til sannrar gæfa. En

i sambandi við sannkristið hjarta geta þeir orðið mjög mikils virði.“

AD UPPBYGGJAST.

Margt fólk er því miður kristið fyrir siðasakir. Kristindómurinn þess er þá ekkert annað en vana-kristindómur. Það fer til kirkju á helgum dögum, hlýðir á ræðu prestsins og þykir hún ef til vill góð, talar þá um hana og dáist að henni, en svo er alt talið. Gamla lífnerið er við það sama. Engin lífernisletrur er sjáanleg. Ræðan fékk ekki að hafa nein þau áhrif. Er það nú að uppbyggjast? — Saga ein er til, sem er góð þessu til skýringar.

Guðspjónustan var úti. Þá kom kona ein til prestsins og var mjög hrifin. Hún segir við hann: „Prestur minn! Eg uppbygðist ágætlega af ræðunni í dag.“ — Presturinn var maður með kristilega reynslu og létt ekki að dáum konunnar fá neitt á sig. Hann svárar henni því stutt og hnittilega: „Í vikunni mun það nú sýna sig, góðin mín.“

Að uppbyggjast er að láta guðs orð hafa áhrif á sig til betrunar, en ekki að eins lítíð augnablik að láta sér þykja vrent um það. Það er að leggja nafn guðs við héggóma, að lesa það að eins eða hlusta á það og dást að því, en láta það ekki verða sér til drottunar.

„*Iú skalt ekki leggja nafn guðs þíns við héggóma*“ — segir drottinn.

AD EINS LYSA.

Það er miklu miklu betra að *lifa* góðu lífi, en að *tala* um það. Okkur er sagt að láta ljósið okkar lýsa. Og ef það lýsir, há þurfum við ekki að segja neinum frá því, að það geri það. Ljósið ber sér sjálft vitni. Vitar hringja ekki klukkum né skjóta stórkotum, til þess að fólk veiti því eftirtekt, að þeir lýsi. — *Þeir að eins lýsa.*

Úr „*The Lutheran.*“

HÓGVÆRD KRISTS.

(Þýtt.)

„Eg áminni yður með hógværð Krists“ — segir Páll postuli. Guð þolinumæðinnar einn getur gert okkur þolinumóð, blíðlynd

og umburðarlynd hvert við annað. Kristinn maður ókurteis líkist miliónera, sem enga peninga hefur á sér; því gott viðmót og góð umgengni er eins og nokkurskonar smápeningar kristins kærleika. Ef hjarta drengs á kærleika Krists, þá verða foreldrar hans varir við það, og bræður hans og systur hans og hesturinn hans og hundurinn hans og kötturinn hans—hver lífandi skepna, sem kemur nálægt honum.

Í safnaðar-skóla einum var drengja-hópur yfirheyrður úr bíblíunni.

„Hvað getið þið sagt mér um Móses?“—spurði umsjónarmaðurinn.

„Hann var göfugmenni“—kallaði upp fölleitur drengur, greindarlegur á svipinn, sem leit út fyrir að vera eitthvað um II ára.

„Göfugmenni!“—endurtók umsjónarmaðurinn, og var eins og honum brygði ögn við. „Hvað áttu við?“

Drengur svarar óðar: „Herra minn! Þegar dætur Jetro's fóru út að brunninum, til þess að sækja vatn, þá ráku hirðarnir þær frá brunninum. En Móses hjálpaði dætrum Jetro's og sagði við hirðana: „Gerið þið svo vel, herrar mínir! að lofa konunum að komast að fyrst.“

Pannig geta börn lært í bíblíunni ýmislegt um fallega framkomu í smá-atriðum ekki síður en um það, hvernig þau eigi að hegða sér í því, sem meira er í varið.

BARA EINS OG EG VIL.

(Lausl. þýtt.)

Stúlka sagði fyrir skömmu svo eg heyrði: „Eg ætla mér ekki framar að taka sönglexiur hjá Miss H. Hún er mikils til of heimtufrek. Hún heimtar einlægt, að eg haldi höndanum bara si-sona eins og hún vill. Og hún lætur mig hafa upp aftur og aftur sama kaflann og sama stykkið, þangað til eg hef það rétt eins og hún segir. Þetta er alveg óþoland. Eg ætla mér að taka lexíur hjá Miss Brown. Það er betra að eiga við hana. Hún lofar hverjum að gera eins og honum líkar, og er ekki að ónotast við hann, þó hann hafi ekki lært lexíuna sína.“

Haldið þið, að þessi stúlka verði nokkurn tíma mikil söngkona—eða læri yfir höfuð nokkuð í sönglist?

Kunningjakona míni ein sagði við mig hérna um daginn: „Eg vil ekki læra hjá Miss Hart. Hún er einlægt að setja út á svír mér. Eg stenst það ekki. Eg er alteins skynsöm og hún.“

Getið þið búist við því, að sú kona verði nokkurn tíma nokkur námiskona?

Eg hekti greindan dreng, sem hætti skólanámi sínu um miðjan skólatímann síðastliðinn vetur. Og þegar eg spurði hann, því hann hefði gert það, þá svaraði hann mér: „O, lexíurnar voru farnar að verða of erviðar. Og eg sá ekki neitt gagn í því að vera að leggja alt það erviði á mig fyrir ekki neitt.“

Eigið þið von á, að þessi drengur verði nokkurn tíma mikill lögmaður eða læknir eða kennari eða prestur eða verkfræðingur eða mikill i nokkru, sem gott er?

Eg heyrði líka annan dreng segja, sem hafði verið fenginn til þess að sópa skólann: „Ekki dettur mér í hug að fara að sópa óþverrann af pallinum fyrir framan skólann. Mér er ekki borgað fyrir að sópa annað en skóla-herbergið.“

Ímyndið þið ykkur, að hann komist nokkurn tíma í mikilvæga stöðu í lifinu?

Auðvitað ekki! Þið eigið ekki von á neinu sliku. Og þið búist alls ekki við því, að nokkura þessara, sem minst var á, verði nokkurn tíma getið að nokkru, sem nokkuð er varið í. Lofið mér þá að segja við ykkur dálitið, drengir míni og stúlkur, sem þið að vísu hafið heyrt oft áður, en hafið gott af að oft sé brýnt fyrir ykkur.

Það er þá þetta:

Það verður aldrei neitt úr þeim, sem ekki vill láta kenna sér og ekki vill láta finna að við sig, og ekki vill þurfa að leggja neitt á sig og ekki vill vera vandlátur við sjálfan sig. Kennari, sem vandlátastur er við ykkur, er besti vinur ykkar. Látið ykkur þykja vænt um þann, sem lætur ykkur hafa upp aftur og aftur það sama, þangað til þið kunnidu það rétt og gerið það rétt. Og verið honum þakklát fyrir það.

Má vera, að þið hafið heyrt og munið söguna, sem nú kemur.

SAGAN UM AGASSIZ) OG FISKINN.*

Þegar Agassiz var drengur, fékk kennarinn hans honum einu sinni fisk og sagði honum að rannsaka hann. Eftir einn

*) Louis Agassiz, sveissneskur náttúrufræðingur mjög merkr. Kom til Bandaríkjanna 1846, þá tæplega 40 ára, en þegar orðinn frægur maður. Var upp frá því háskólakennari við two merkustu háskóla Bandaríkjanna, Harvard og Cornell. Hann dó 1873.

eða two klukkutíma kom Agassiz litli aftur með fiskinn og sagð-
ist vera búinn. „Hvað hefurðu lært?“ — spurði kennarinn.
Agassiz segir það. Skýrir frá því, hvernig uggunum sé raðað
niður og hreistrinu og öðru þesskonar, sem hann hafði veitt eft-
irtekt. Kennarinn skipar honum að fara aftur með fiskinn og
rannsaka hann, en gefur honum engar leiðbeiningar. Agassiz
gerir það. Og er nú með fiskinn til næsta dags, sker hann upp
og rannsakar líffærin. Fer svo með hann til kennarans og segir
honum, hvað hann sé búinn að læra. Kennarinn skipar honum
enn þá einu sinni að fara með fiskinn og rannsaka hann. Agassiz
gerir það. Og nú rannsakar hann beinin, sker jafnvel inn í
þau og rannsakar merginn. Þegar hann svo næsta dag kemur
með fiskinn aftur til kennarans og segir honum frá því, sem
hann nú sé búinn að læra, þá segir kennarinn við hann: „Það
er vel gert, drengur minn!“

Agassiz var vísindamaður, sem var ákaflega nákvæmur og
reglubundinn í öllum rannsóknum sínum, enda var hann einn
hinna mestu og bestu náttúrufræðinga heimsins. Og byrjunin til
þess, sem hann varð, var nú einmitt aðallega þetta, sem sagan
skýrði frá.

Hver maður, sem komist hefir nokkuð talsvert áfram í
heiminum, í hvaða grein sem er, á það aðallega því að þakka, að
hann var viljugur að leggja hart á sig og lét sér ekki standa á
sama, hvernig hann gerði verkið sitt, en var vandlátur við sjálf-
an sig. Frægur söngmaður sagði einu sinni við þann, sem
þetta ritar: „Veistu það, að þegar eg gekk í söngskólan, þá
æfði eg mig oft 8 klukkustundir á dag.“

Hörð vínna? Já, vitanlega er hún hörd; en hver sem hefur
snefil af sál í sér, vill heldur leggja á sig og verða maður til
þess að vinna almennilega eitthvert verk, heldur en að vera
bögubósi alla æfi sína og mega svo við því búast, að sér verði
ekki trúð fyrir neinu almennilegu verki.

Ef í ykkur er sá rétti andi námsmannsins, þá eruð þið
þakklát fyrir, ef ykkur er sagt til og fundið er að við ykkur.
Veit eg það, að það særir ögn, ef fundið er að við menn, og
þykir ekki gott í bráðina. En vill sá, sem dálitið vit hefur, samt
ekki miklu heldur, að fundið sé að við hann, meðan hann er að
læra, heldur en að kunna ekki að gera neitt almennilega og verða
klaufi alla sína æfi, af því hann vildi ekki láta finna að við sig?

Dauða og gagnslausa límið á trjánum á að skera af til þess
að þau geti vaxið og borið ávöxt. Þegar komið er með „snið-

ilinn“* (aðfinnslurnar) að ykkur, hrökkvið þá ekki undan og farið ekki að hljóða. Í öllum þænum segið ekki, að þið viljið heldur vera kræklingar alla ykkar æfi og bera væskilslega og vilta ávexti, heldur en að þola sársauka ofur litla stund, af „sníðlinum“.

NÝIR LJÓSGEISLAR.

Bráðum er búist við að út komi *Ljósgeislarn II*. Hinir fyrri eru uppseldir. Þeir fengu ágætar viðtökur; enda var engin ástæða til annars en að taka þeim vel. Enn þá minni ástæða verður til þess að taka nýju „*Ljósgeislunum*“, sem nú eiga að koma, öðru vísni en vel. Enda er eg viss um, að þeim verður fagnað stórkostlega af öllum, bæði ungum og gömlum, þegar þeir sýna sig. Eg tel það stórkostlegt happ fyrir okkur *Icelandinga*, að eignast önnur eins spjöld og þessi á íslenzku handa börnumnum okkar. Við höfum átt svo lítið af því tagi handa þeim, og *aldrei neitt jafn-fallegt*. Þetta er ekkert skrum. Þau munu bera sér sjálf vitni, spjöldin. Það eru lit-myndir. Myndin öðrum megin, en lexían hinum megin, eins og á fyrri „*Ljósgeislunum*“, en aðrar myndir og aðrar lexíur. Verðið er búist við að verði 15c., þegar 5 eintök eru tekin í einu eða fleiri (52 spjöld í hverju eintaki), annars 20c. Pantanir ættu að sendast þegar til ritstjóra „*Barnanna*“. Æn horgunin verðr að fylgja þeim.

*) Verkfæri, sem lím er höggtvið af með.

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „*Sam.*“, hálf örð. *Address* ritstjóra „*Barnanna*“: Selkirk, Man. — „*Börnin*“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „*Sam.*“ og „*Barnanna*“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmáðr „*Sam.*“ á Íslandi.